

Athugasemdir við Rammaáætlun um verndun og nýtingu orkuauðlinda

Frá Vigdísi Guðjónsdóttur, Húsatóftum I í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ég undirrituð vil gera alvarlegar athugasemdir við því að setja Urriðafoss virkjun í nýtingarflokk.

Breytingar á grunnvatnsstöðu:

Ekki hafa verið gerðar fullnægjandi rannsóknir á áhrifum uppistöðulóns á grunnvatnið á svæðinu. Breytingar á grunnvatnsstöðu geta spillt búskaparmöguleikum á mörgum jörðum. Þar sem að lónið verður staðsett á gljúpu Þjósárhrauninu þá tel ég að nýtanlegur jarðvarmi á um 100 m dýpi á þessu vatnasviði geti spillst, og þar með haft áhrif á búsetuskilyrði á svæðinu.

Spilling laxastofna:

Laxastofninn í Þjósá er líklega stærsti villti laxastofninn á Íslandi. Með þessari virkjun er gerð röskun á gengdar svæði stofnsins og ekki hefur verið sýnt fram á að seiðin komist til sjávar eftir þessar framkvæmdir og eru þannig líkur á að stofninn hrynji. Eins hefur ekki verið gerðar fullnægjandi rannsóknir á lífríki sjávar við ósa árinna þegar enn minnar framburður árinna til sjávar.

Áfok og svifryksmengun:

Fastlega verður að gera ráð fyrir jarðvegsfoki frá uppþornuðum farvegi Þjósár, auk þess er áætlað að dæla um 75.000 rúmmetrum af framburði á ári og ekki er hægt að koma í veg fyrir rykmengun frá henni. Sem íbúi á þessu svæði veit ég af stöðugri baráttu við sandfok og uppgræðslu sanda á þessu svæði, og það að auka áfok á svæðið gæti farið illa með veikan jarðveg.

Breytt landslag:

Gert er ráð fyrir miklum og háum stíflugarði og djúpum framræsluskurði til að taka við leka og afrennsli af svæðinu. Þessi mannvirki munu hafa gríðarleg neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Að mínu mati er ekki tækt að tala um að auka ferðapjónustu með auglýsingu á íslenskri náttúru á einum stað og eyðileggja

hana á öðrum. Á þeim stað sem þessi mannvirki eru áætluð er til dæmis gömul reiðleið á Þjórsárbökkum og líklega rústir skála landnámsmanna.

Samfélagsleg áhrif:

Ekki hafa að mér vitandi verið gerðar rannsóknir á hver samfélagsleg áhrif þessarar framkvæmdar verður og hvergi gerð tilraun til að leggja mat á heildartjón sem gætu orðið.

Að þessu sögðu legg ég til að Urriðafossvirkjun verði sett í **Verndunarflokk**.

Vigdís Guðjónsdóttir

Húsatóftum I, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

801 Selfoss